



Ársskýrsla

Grunnskóla

Önundarfjarðar

2013-2014

3. júní 2014

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Skólaárið 2013 - 2014.....	4
1. Nemendur og starfsfólk.....	5
1.1 Fjöldi nemenda.....	5
Breytingar milli ára.....	5
Búseta og skólaakstur.....	6
Almennir starfsmenn.....	6
Fjöldi kennara og leiðbeinenda.....	6
Forföll og leyfi kennara.....	6
Forföll og leyfi nemenda.....	6
Forföll starfsfólks.....	6
2. Skipulag.....	7
Starfstími.....	7
Tímamagn skólans.....	7
Skipulag hvern dag.....	7
Vetrarfrí.....	7
Skóla- og fjölskylduskrifstofa.....	7
Samstarf við Grænagarð.....	7
Mötuneytismál.....	7
3. Félagsstarf.....	8
Skólabúðir.....	8
Haust og vor, stjörnuferðir.....	8
Íþrótt- og leikjadagar.....	8
Litlu jólin - Árshátíð.....	8
Sýning á vinnu nemenda.....	9
Stóra upplestrarkeppnin.....	9
Nemendaráð.....	9
Aðkeypt þjónusta.....	9
4. Heimsóknir.....	9
Tónlist fyrir alla.....	9
Leiksýningar.....	9
5. Samræmd próf.....	9
Samræmd próf í 4. og 7. bekk.....	9

Samræmd próf í 10. bekk	10
6. Próunarverkefni	10
Samskipti heimila og skóla	10
Útikennsla	10
Hamingjubók	10
7. Samstarf heimila og skóla	11
Foreldrafundir	11
Foreldrafélag.....	11
Skólaráð.....	11
8. Starfsmarkmið	11
Markmið Grunnskóla Önundarfjarðar í skólastarfi	11
Starfsmarkmið í Grunnskóla Önundarfjarðar	13
9. Fjárhagsáætlun.....	15
10. Að lokum.....	15

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarf Grunnskóla Önundarfjarðar fyrir skólaárið 2013 – 2014. Ekki er fjallað um fjármál skólans í skýrslunni þar sem allar upplýsingar um þau er hægt að nálgast í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar.

Grunnskóli Önundarfjarðar, Flateyri, er einn fjögurra grunnskóla í Ísafjarðarbæ. Skólinn stendur á Flateyri og er í norðvestur jaðri þorpsins. Skólahúsið er rúmir 700 fermetrar á tveimur hæðum, skólahúsið var tekið í notkun 1961. Þar örskammt frá er nýlegt íþróttahús ásamt sundlaug og nýjum sparkvelli. Upphaflega hófst skólalald á Flateyri 1903. Húsið var að Grundarstíg 14. Fyrsta skólaárið 1903-1904 voru í skólanum 25 nemendur í fjórum árgöngum og var þeim kennt í tveimur hópum. Þá bjuggu um 200 manns á Flateyri. Skólaárið 2013-2014 voru 17 nemendur í skólanum, 1 nemandi í 2. bekk, 3 nemendur í 3. bekk, 3 nemandi í 4. bekk, 4 nemendur í 6. bekk, 2 nemendur í 9. bekk og 4 nemendur í 10. bekk og var þeim kennt í tveimur- þremur hópum. Íbúafjöldi er innan við 200 manns á Flateyri.

Meðfylgjandi þessari skýrslu er skóladagatal fyrir 2013 – 2014.

Flateyri, 3. júní, 2014

María H. Valberg, skólastjóri.

Skólaárið 2013 - 2014

Skólastarf á Flateyri í vetur var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Starfsemin gekk að mestu leyti eftir því skipulagi sem lagt var upp með í upphafi vetrar.

Í vetur var áfram lögð áhersla á góða líðan nemenda og bætt samskipti foreldra og skóla. Reynt var að bæta upplýsingastreymi til foreldra hvað varðar flesta þætti skólastarfsins.

Foreldrafélagið hefur komið með virkum hætti að skólastarfinu eins og síðustu vetur og stutt við skólastarfið vel með starfsemi sinni. Félagið er vel meðvitað um skólastarfið.

Á skólaslitum á vorin er rifjuð upp starfsemi skólaársins og grein gerð fyrir hvernig til hefur tekist og hvað er framundan á næsta skólaári.

Þá er hægt að nálgast upplýsingar um skólann á heimasíðu skólans á skolatorg.is, og svo heldur skólinn úti Facebooksíðu en þar er reynt að koma á framfæri reglulega upplýsingum um skólastarfið og settar inn myndir úr því..

Skólaslit fóru fram miðvikudaginn 28. maí 2014 kl. 17:00 með afhendingu einkunna nemenda.

1. Nemendur og starfsfólk

1.1 Fjöldi nemenda

Nemendur í skólanum í upphafi vetrar 2013 voru 17, stúlkur voru 11 og drengir 6. Engir nemendur voru í 1.-, 5.-, 7.- og 8.bekk Allir bekkir skólans voru í samkenndu í vetur 2.-4. bekkur 3 drengir og 4 stúlkur og 5.bekkur 4 stúlkur, 9.-10.bekkur 6 nemendur, 3 drengir og 3 stúlkur. Sjá töflu hér að neðan.

Bekkur:	Fjöldi nem.:	Fjöldi hópa:	Fjöldi í hóp:
1	0		
2. (1	1	6
3.	3		
4.)	3		
5	4	1	4
6.	0		
7.	0		
8.	0		
9.	2	1	6
10.	4		
Alls:	17	3	17

Breytingar milli ára

Nemendafjöldi skólans er að verða áhyggjuefni. Skólaárið 2004 – 2005, voru nemendur 36 og skólaárið 2005 – 2006 voru 36 nemendur í skólanum og skólaárið 2006-2007 voru 38 nemendur, skólaárið 2007-2008 voru 32 nemendur 2008-2009 voru 28 og 2009-2010 voru 24 nemendur og 2012-2013 voru 17 nemendur.

Búseta og skólaakstur

Enginn nemandi í þorpinu á um lengri leið að fara en 3 – 400 metra í skólann. Nemendur skólans eru frá Flateyri og einn nemandi frá Ingjaldssandi. Foreldri hefur séð um skólaakstur samkvæmt sérstöku samkomulagi við skólafyrirvöld.

Almennir starfsmenn

Skólaliði sem sér líka um ræstingu var ráðinn í 75 %, Hann sér um að sækja matinn á leikskólann, afgreiða hann til nemenda og sér einnig um mjólkina.

Fjöldi kennara og leiðbeinenda

Kennarar, leiðbeinendur, stundakennarar ásamt skólastjóra voru alls 6. Kennarar við skólann í vetur voru: María Hrönn Valberg skólastjóri, Guðmunda Agla Júlíusdóttir 100%, Ingeborg Edda Graichen 100%, Ingibjörg Rún Jóhannesdóttir 73%, og Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir 7,6 % kenndi dans.

Forföll og leyfi kennara

Síðasta vetur voru forfallatímar skólans ekki margir en alltaf er það eitthvað, leyfi og veikindi. Vegna veikinda kennara eða barna þeirra voru tímarnir leyfistímar. Forfallatímar voru unnir sem skiptivinna að hluta. Enginn heill kennsludagur féll niður vegna forfalla kennara eða leyfisveitinga.

Forföll og leyfi nemenda

Fjarvistardagar nemenda í vetur voru eingöngu vegna veikinda og leyfa. Hér á eftir koma upplýsingar úr Mentor: Leyfis dagar 61 dagar eða 3,58 á hvern nemanda, veikindi 61 dagar eða 3,58 dagar á hvern nemenda, seint 87 stundir eða 5,12 stundir á nemenda, fjarvist 18 stundir eða rétt um 1 stund á hvern nemenda og leyfi vegna óveðurs 10 dagar eða 0,59 dagar á hvern nemenda.

Forföll starfsfólks

Forföll vegna veikinda eru 10 dagar, vegna veikinda barna 6 dagar og vegna leyfis 2 dagar.

2. Skipulag

Starfstími

Samkvæmt ákvörðun fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar var starfstími skólans 36 vikur eða 180 dagar þ.e. foreldradagar, kennslu- og prófdagar nemenda. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma skóla voru fimm. Starfsdagar utan skólatíma voru átta, fimm í upphafi skólaárs í ágúst og þrír í júní.

Tímamagn skólans

Á síðasta skólaári 2013 – 2014 fékk skólinn alls 87 stundir til að sinna almennri kennslu.

Skipulag hvern dag

Skólinn var einsetinn, þ.e. að allir nemendur voru í skólanum á sama tíma. Skólinn var opnaður kl. 07.50 á morgnana og voru yngri nemendur í augnsýn kennara til kl. 8.00. Eldri nemendur gátu farið inn stofur sínar þar til kennsla hófst kl. 8.00. Allri kennslu var lokið í skólanum um kl. 15:00. Kennslutilhögun var þannig að námstímanum var skipt í þrjár annir (þrjú tímabil) hjá öllum árgöngum og próf (námsmat) í lok hverrar annar.

Vetrarfrí

Vetrarfrí voru 18. nóvember og 21. febrúar. Þetta fyrirkomulag hefur mælst ágætlega fyrir hjá foreldrum og nemendum.

Skóla- og fjölskylduskrifstofa

Skóla- og fjölskylduskrifstofa sér m.a. um að greina nemendur og gera tillögur um úrræði til kennara varðandi nemendur sem eiga í náms eða hegðunarerfiðleikum. Einnig sér skrifstofan um kennsluráðgjöf ef óskað er. Margrét Halldórsdóttir er sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Samstarf við Grænagarð

Samstarf leikskólans Grænagarðs og Grunnskóla Önundarfjarðar hefur verið nokkurt síðustu ár og er stefnt að auknum samskiptum skólanna og nú er sami skólastjóri yfir báðum skólum. Nemendur sem eru á síðasta ári á Grænagarði komu í vetur í vikulegar heimsóknir, klukkutíma í senn til að læra á skólann og venja sig við fyrir næsta vetur. Skólarnir hafa m.a. sameinast um að kaupa leiksýningar fyrir nemendur.

Mötuneytismál

Grunnskólinn fær mat frá mötuneyti Grænagarðs í hádeginu fimm daga vikunnar. Nemendur hafa verið ánægðir með að fá mat í hádeginu þó þau séu búin í skólanum. Nemendur og kennarar sem

hafa notað sér máltíð í hádeginu voru 20 þegar mest var. Kennarar hafa möguleika á 5 dögum í mat.

3. Félagstarf

Skólabúðir

Grunnskóli Önundarfjarðar var því miður með enga nemendur í 7. bekk sem fóru í skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði. Hafa skólarnir í Ísafjarðarbæ sameinaðast síðustu ár um flutning á nemendum í búðirnar. Heimsóknin er skipulögð af kennurum skólabúðanna og sjá þeir um kennslu þann tíma sem nemendur dvelja á Reykjum. Skólarnir greiða dvalarkostnað barnanna og einnig ferðir og eftirlitsmann. Litlu skólarnir í Ísafjarðarbæ hafa sameinast um eftirlitsmann.

Haust og vor, stjörnuferðir

Unglingadeildin fer alltaf í gönguferð á haustin en því miður var ekkert farið vegna veðurs en ætlunin var að fara til Aðalvíkur og ganga yfir til Hesteyrar. Maí voru notaður mikið til útivistar sem kennarar skipulögðu og sáu um. Stjörnuferðir eru þrjár, ein á hverri önn. Fyrsti stjörnudagur var haldinn 2. desember en þá komum við nemendum á óvart með því að fella niður kennslu, buðum upp á popp, sælgæti og kvikmyndina Dalalíf. Eftir myndina var spilað og gert ýmislegt skemmtilegt. Önnur stjörnuferð var í febrúar og var skíða- og sleðaferð í Tungudalinn, farið var á einkabílum. Þriðja stjörnuferð var 27. maí og farið var til Bolungarvíkur þar sem við heimsóttum Örmu mjólkurstöðina, Náttúrugripasafnið, Ósvör og sundlaugina. Elli Sveins keyrði okkur í vorferðina.

Íþrótt- og leikjadagar

Íþróttahátíð 1.-7. bekkjar fór fram 4. október á Flateyri. Þessi hátíð er með dálítið öðru sniði en vant er, ekki hefðbundin íþróttakeppni. Þátttakendur eru Grunnskólarnir á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Súðavík. Nemendur 9.-10. bekkjar fóru á íþróttahátíðina í Bolungarvík þann 11. október.

Litlu jólin - Árshátíð

Hefðbundnar athafnir voru samkvæmt áætlun og tókust allar mjög vel. Litlu jólin voru haldin í skólanum fimmtudaginn 19. desember, síðasta skóladag fyrir jólaleyfi. Árshátíð skólans var haldin fimmtudaginn 10. apríl. Að þessu sinni unnu allir nemendur saman að einni stórrí sýningu og settu þeir upp *Ávaxtakörfuna*. Elstu nemendurnir sjá um að kynna og halda utan um

árshátíðina. Aðsókn gesta var mjög góð eins og áður og alls komu um áttatíu gestir á sýninguna. Foreldrafélagið sér um kaffisölu á árshátíðinni og er þetta eina fjáröflun félagsins.

Sýning á vinnu nemenda

Skólasýning, sýning á vinnu nemenda, var sunnudaginn 18. maí kl. 12-14 og var hún vel sótt að vanda. Þar er boðið upp á horfa á upptöku af árshátíðarsýningunni, myndlist, smíðaverkefni og fleira.

Stóra upplestrarkeppnin

Skólinn tók ekki þátt í Stóru upplestrarkeppninni í vetur þar sem við erum ekki með 7. bekk.

Nemendaráð

Nemendaráð skólans var skipað nemendum 9.- og 10. bekkja. Eins og undanfarna vetur tóku nemendur í 9. og 10. bekkjar þátt í nokkrum hátíðum í nágrennskólunum s.s. 1. des. hátíð G.Í., íþróttahátíð í Bolungarvík, lokadansleik G.Í. o.fl. Foreldrar sáu um að aka börnunum og sáu um eftirlit á nemendum á samkomustað.

Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu af Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Einnig hefur verið keypt viðhaldsþjónusta í smærri verk

4. Heimsóknir

Tónlist fyrir alla

Fengum hljómsveitina Skuggmyndir frá Býsans í heimsókn.

Leiksýningar

Kómedíuleikhúsið sýndi leiksýninguna *Búkolla*.

5. Samræmd próf

Samræmd próf í 4. og 7. bekk

2 nemendur í 4. bekk þreyttu samræmd próf.

Samræmd próf í 10. bekk

4 nemendur þreyttu samræmd próf.

6. Próunarverkefni

Samskipti heimila og skóla

Kennarar ákváðu að halda áfram með gullkornakerfið enda reyndist það vel í fyrra. Þá eru nemendum afhend gullkorn aðra hverja viku, þau koma frá kennurum, öðru starfsfólki og nemendum skólans. Gullkornin geta tengst námi, félagslegu starfi, hegðun og framkomu. Annan hvern fimmtudag hittast allir á sal og les hver og einn upp sitt gullkorn fyrir hina og þannig fá nemendurnir þjálfun í koma fram og tjá sig fyrir framan aðra. Hver nemandi fær tvö eintök, eitt til að fara með heim og annað til að hengja upp í stofu. Gullkornin sem eru hengd upp í stofunni fara síðan í sér öskju og fá svo nemendurnir öll gullkornin sín eftir veturinn á skólaslitum í fallegu umslagi. Einnig safna kennarar í möppu öllum gullkornum, hver nemandi á sína síðu og á hana eru gullkornin límd. Þetta er til þess að hafa yfirsýn yfir gullkornin og svo ljósrita kennarar síðuna í persónumöppur. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og bíða nemendur spenntir eftir gullkornadegi.

Útikennsla

Aðalnámsgreinarnar í útikennslu í vetur voru stærðfræði og náttúrufræði. Einnig er hægt að tengja allar námsgreinar við útikennslu og stefnt verður að því að nýta útikennslustofuna sem mest allan veturinn óháð veðri. Í maí er verið sem mest úti með það að leiðarljósi að efla útikennslu enn frekar og njóta vorsins mikið úti.

Hamingjubók

Nemendur, kennarar og starfsfólk skólans fengu í fyrravetur fallega, litla stílabók til að skrifa í á hverjum föstudegi. Í bókina á að skrifa fyrir hvað maður eru þakklátur fyrir eða gerir mann ánægðan. Tilgangur bókarinnar er að efla jákvæðar hugsanir og njóta þess sem er gott og gleður mann en ekki einblína á það neikvæða. Hamingjubókin er trúnaðarmál og engin má skoða hjá hinum nema með leyfi viðkomandi og eru þær geymdar í skólanum yfir sumarið svo þær glattist ekki. Nemendur fá þær síðan við útskrift.

7. Samstarf heimila og skóla

Foreldrafundir

Sérstakir foreldradagar voru 12.- og 13. nóvember og 18.- og 19. febrúar. Foreldrar voru þá boðaðir sérstaklega til viðtals við kennara. Foreldrar/forráðarmenn fá þá ákveðinn tíma hjá kennara, eða um 15 mínútur, eða eftir samkomulagi.

Foreldrafélag

Aðalmenn í foreldrafélagi síðasta vetur voru: Dagný Arnalds formaður, Kristín Pétursdóttir gjaldkeri og Önundur Pálsson meðstjórnandi. Foreldrafélagið hefur starfað mjög vel í vetur eins og síðustu vetur. Allt starf foreldrafélagsins er til mikillar fyrirmyndar, foreldrum til sóma og mikill stuðningur við skólastarfið.

Skólaráð

Í skólaráði skólans eru: María Hrönn Valberg skólastjóri, GuðmundaAgla Júlíusdóttir og Edda Graichen fulltrúar kennara, Sigrún Svanhvít Óskarsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Kristján Torfi Einarsson og Ívar Kristjánsson, fulltrúar foreldra, Hafdís Sigurðardóttir fulltrúi grenndarsamfélgsins, Anna J Guðmundsdóttir og Þór Engholm fulltrúar nemenda.

8. Starfsmarkmið

Markmið Grunnskóla Önundarfjarðar í skólastarfi

- **Skólinn hefur að leiðarljósi að fylgja markmiðum aðalnámskrár grunnskóla, bæði hins nýja almenna hluta hennar og námsgreinamarkmiðum hennar eftir því sem mögulegt er.**
- **Skólinn hefur í huga nýja áherslur skólastefnu Ísafjarðarbæjar varðandi ýmsa þætti skólastarfsins.**

► Grunnskóli Önundarfjarðar leitast við að koma til móts við þarfir hvers og eins nemenda eins og kostur er.

-Það gerum við með því að nota fjölbreyttar náms- og kennsluáðferðir sem höfða til mismunandi þroska, áhuga og getu nemendanna og með því að gera þá eins ábyrga fyrir eigin námi og kostur er.

► Grunnskóli Önundarfjarðar leitast við að auka gæði náms og kennslu með sífelldri endurskoðun og markvissri uppbyggingu.

-Það gerum við með því að kynna okkur nýtt námsefni, sækja námskeið og vera í sífelldri endurmenntun.

► Grunnskóli Önundarfjarðar leitast við að auka markvissst ábyrgð nemenda á námi, mætingu og hegðun.

-Það gerum við með því hjálpa nemendum að skilja tengslin milli fyrirhafnar og árangurs og hvetja þá til að leggja á sig vinnu til að ná markmiðum sínum og fyllast ábyrgð á eigin árangri. Einnig að láta elstu nemendur gera kennsluáætlanir með kennurum sínum.

► Grunnskóli Önundarfjarðar leitast við að koma á skilvirku samskiptakerfi á milli heimilis og skóla.

-Það gerum við með því að gera foreldrum ljóst strax á haustin hvers er ætlast til af þeim t.d. í sambandi við fatnað, fjarvistir, námsgögn, hreinlæti, hvíld og hegðun nemenda. Hafa reglulega fundi með foreldrafélagi skólans og vinna náið með foreldrum að öflugu skólastarfi. Ef einhver atvik koma upp þá verður strax haft samband símleiðis við foreldra og málin leyst í sameiningu.

Mat á markmiðum Grunnskóla Önundarfjarðar í skólastarfi: Kennarar telja að það hafi gengið vel að vinna með markmiðin, kennarar telja sig nota fjölbreyttar kennsluáðferðir og nemendur vinna á sínum hraða og eftir sinni getu. Kennarar hafa umsvifalaust samband heim við foreldra símleiðis ef það þarf að koma einhverju á framfæri varðandi nemendur. Kennarar eru duglegir að sækja sér endurmenntun, erum t.d. núna með í átaki Ísafjarðarbæjar að efla upplýsingatækni í

skólum og oft er rætt á kennarafundum um nýjar bækur, vefi og þ.h sem nýtist í starfi og eru þeir sífellt í leit að einhverju sem breytir og bætir kennsluna.

Starfsmarkmið í Grunnskóla Önundarfjarðar 2013-2014

Grunnskóli Önundarfjarðar setti sér fjögur markmið eða sérstakar áherslur í skólastarfinu skólaárið 2011-2012. Þessi markmið ná til lesturs og samskipta milli heimila og skóla. Ennþá, skólaárið 2013 – 2014, er unnið að þessum sérstöku markmiðum á eftirfarandi hátt ásamt því að ný markmið voru sett varðandi samvinnu milli nemenda annars vegar og kennara hins vegar. Einnig voru sett markmið varðandi aukna hreyfingu nemenda.

Starfsmarkmið skólaárið 2013-2014:

- **Að bæta lesskilning**
 - Það gerum við með því að láta nemendur á yngsta- og miðstigi vinna í Byrjendalæsi og nemendur á elsta vinna lesskilningsverkefni jafnt og þétt yfir veturinn. Tvisvar yfir veturinn er prófað með lesskilningsprófinu *Orðarún*.
 - *Viðmið okkar um bættan lesskilning er að nemendur bæti sig á milli prófa.*
- **Að bæta lestrarhraða**
 - Það gerum við með því að láta nemendur lesa 10-15 mín í frjálsum lestri á hverjum morgni í öllum árgöngum. Nemendur í 1.-4. bekk lesa einnig heima á hverjum virkum degi. Sex lestrarpróf eru yfir veturinn.
 - *Viðmið okkar um bættan lestrarhraða er að nemendur bæti sig á milli prófa og séu búnir að ná lestrarmarkmiðum síns bekkjar um vorið.*
- **Að auka yndislestur**
 - Það gerum við með því að nemendur lesa bók að eigin vali á hverjum morgni í 10-15 mín í skólanum
 - *Viðmið okkar um aukinn yndislestur er að nemendur lesi meira heima en þeir gerðu í upphafi vetrar og það athugum við með því að gera könnun í vor.*
- **Að bæta samskipti á milli heimila og skóla**
 - Það gerum við með því að vinna með hugmyndir úr bók Nönnu Kristínar Christiansen, *Skóli og skólaforeldra: ný sýn á samstarfið um nemdann*.

- *Viðmið okkar um bætt samskipti eru að foreldrum finnist að hin ýmsu verkefni vetrarins hafi bætt viðhorf þeirra til skólans og það mælum við með því að gera könnun í vor.*
- **Að auka útikennslu og samstarf með foreldrum**
 - Það gerum við með því að bæta útikennslu inn í sem flest fög og vinnu við skólagarða en foreldrafélagið sá um að undirbúa skólagarðana vorið 2013 og núna í vetur ætlum við að undirbúa ræktun á því sem á að setja niður í garðana í vor.
 - *Viðmið okkar um aukna útikennslu á yngsta stigi eru að nemendur öðlist ánægju af því að vera úti í náttúrunni og læra af umhverfi sínu og það mælum við með því að gera könnun hjá nemendum í vor.*
- **Að auka samvinnu á milli nemenda, óháð aldri.**
 - Það gerum við með því að hafa allan skólann saman í stofu í íslensku og stærðfræði, samtals átta tíma á viku.
 - *Viðmið okkar um aukna samvinnu er að sjá mun á námsárangri nemenda og svo á að gera tvær til þrjár kannanir yfir veturinn og athuga hvernig samvinnan þróast og hvort nemendum finnist ekki gott að vinna saman.*
- **Að auka samvinnu á milli kennara í stærðfræði og íslensku**
 - Það gerum við með því að hafa allan skólann saman í stofu í íslensku og stærðfræði, samtals átta tíma á viku.
 - *Viðmið okkar um aukna samvinnu er að kennurum líði betur í skólanum og séu ánægðir með samvinnuna og það verður skodað með því að gera athugun á því hvort kennarar séu ekki almennt ánægðir með samvinnuna.*
- **Að auka hreyfingu nemenda**
 - Það gerum við með því að fara reglulega í íþróttahúsið utan íþróttatíma og auka útivist með aukinni útikennslu.
 - *Viðmið okkar um aukna hreyfingu eru að þol nemenda aukist jafnt og þétt yfir veturinn og verður það mælt með þolprófum reglulega yfir skólaárið.*

Við teljum að fyrstu þremur markmiðunum hafi verið náð að mestu leyti, það náðu ekki allir leshraða síns árgangs en meðaleinkunnin í lestri hækkaði á milli anna og 9 af 17 búnir að ná markmiðum síns árgangs í vor og hinir hækkuðu sig líka á milli anna.. Markmið fjögur og fimm náðust og sjáum við það í foreldrakönnun Skólapúlsins. Markmið sex tókst ágætlega, í heildina

var ánægja með þessa samvinnu, Skólapúlsinn sýnir þá niðurstöðu að nemendur okkar eru yfir landsmeðaltali þegar kemur að þættinum *Samsömun við nemendahópinn*. Það er líka mjög gott fyrir kennarana að hafa möguleika á á að taka nemendur út í sérinnlögn ef á þarf að halda og þurfa því ekki að skilja bekkinn eftir einan. Mikil ánægja var meðal kennara að vinna saman og hafa tækifæri á samvinnu. Síðasta markmið tókst ekki nógu vel hjá okkur, þá sérstaklega þátturinn að fara með nemendur út í íþróttahús en meira var um útivist, sérstaklega hjá yngri bekkjunum og samkvæmt Skólapúlsinum hefur hreyfing nemenda aukist frá ári til árs.

9. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Grunnskóla Önundarfjarðar gerði ráð fyrir 35.849.084 kr en var í árslok 37.172.664 kr og er munurinn því neikvæður um 1.323.580 kr. Skýrist það að mestu leyti af öllum liðum tengdum launum eða um 1.290.294 kr samtals. Aðrir liðir eru nokkuð á áætlun og á eftir að setja inn pening inn sem kom úr sérstökum sjóði inn á lykil 2811 fyrir kaup á tækjum og öðru fyrir skólana en skólinn keypti tvo Ipada og borvél og svo inn á lykil 2621 en skólinn keypti bækur fyrir afganginn af sinni úthlutun úr þessum sjóði.

Það sem þarf að hafa í huga við næstu fjárhagsáætlun er að þarf að laga skólalóðina, mála stofur og gang á efri hæð, laga loftræstingu, sérstaklega í smíðastofu, spjaldtölvukaup.

10. Að lokum

Vonandi gefur þessi skýrsla nokkra mynd af skólastarfinu veturinn 2013 – 2014 og sé lesendum til einhvers fróðleiks.

Flateyri, 3. júní, 2014

María Hrönn Valberg, skólastjóri.

Fylgigögn: Skóladagatal 2013 - 2014. Sjálfsmatsskýrsla GÖ 2013-2014

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 F
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L
7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L
14 F	14 Þ	14 M	14 S	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S
15 F	15 M	15 L	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M
16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ	17 Þ	17 F	17 S	17 M
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 Þ	19 F
20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 F	23 L	23 Þ
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S	24 M
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F
26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F
27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L
28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ
31 S	31 M	31 F	31 L	31 M	31 L	31 Þ	31 Þ	31 S	31 S	31 S